

Sp. 463. Tillaga til þingsályktunar
um sölu og úthlutun bifreiða.

Flm.: Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna nefnd, sem hafi fullt úrslitavald um úthlutun bifreiða þeirra, er bifreiðaeinkasalan flytur inn og selur. Jafnframt sé bifreiðaeigendum því aðeins gefinn kostur á nýjum bifreiðum til endurnýjunar, að þeir afhendi einkasölunni eldri bílana eftir mati dómkvaddra manna.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga sama efnis var áður á þessu þingi flutt í neðri deild, en réttara þykir, að hún komi fram í sameinuðu Alþingi og nefnd sú, sem hér ræðir um, sé kjörin af Alþingi.